

REGLUGERÐ

um vöktun, vottun og skýrslugjöf vegna losunar koldíoxíðs frá sjóflutningum.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um vöktun, vottun og skýrslugjöf vegna losunar koldíoxíðs frá sjóflutningum.

Skipafyrirtæki skulu vakta losun koldíoxíðs frá farþega- og flutningaskipum yfir 5.000 brúttótonnum sem koma á ferð sinni í höfn á Evrópska efnahagssvæðinu og skila um hana skýrslu til Umhverfisstofnunar og Eftirlitsstofnunar EFTA.

2. gr.

Innleiðing EES-gerða.

Eftirfarandi EES-gerð skal öðlast gildi hér á landi:

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/757 frá 29. apríl 2015 um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun á losun koltvísýrings frá sjóflutningum og um breytingu á tilskipun 2009/16/EB sem vísað er til í tölulið, 56b í XIII. viðauka og tölulið 21aw í XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 215/2016 frá 28. október 2016 með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af reglugerð þessari, XIII. og XX. viðauka samningsins, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerðin er birt í fylgiskjali við reglugerð þessa.

3. gr.

Lagastöð og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 2. mgr. 21. gr. a laga nr. 70/2012 um loftslagsmál með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Ákvæði 1. gr. um vöktun losunar koldíoxíðs frá farþega- og flutningaskipum yfir 5.000 brúttótonnum kemur til framkvæmda 1. janúar 2018 og fyrstu skýrslu um losun koldíoxíðs skal skila eigi síðar en 30. apríl 2019.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 12. september 2017.

Björt Ólafsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2015/757**

frá 29. apríl 2015

um vöktun, skýrslugjöf og sannpröfun á losun koltvísýrings frá sjóflutningum og um breytingu á tilskipun 2009/16/EB

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS Hafa,
með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 192. gr.,
með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,
eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,
með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,
að höfðu samráði við svæðanefndina,
í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽²⁾,
og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/29/EB ⁽³⁾ og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 406/2009/EB ⁽⁴⁾, þar sem leitað er eftir framlagi frá öllum greinum atvinnulífsins til að ná losunarskerðingu, þ.m.t. frá alþjóðasjóflutningageiranum, er kveðið á um að ef aðildarríkin hafa ekki samþykkt neinn alþjóðasamning sem felur í sér markmið um að draga úr losun frá alþjóðasjóflutningum í samræmi við viðmiðanir Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) eða Bandalagið ekki samþykkt neinn sambærilegan samning í samræmi við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar fyrir 31. desember 2011, skuli framkvæmdastjórnin leggja fram tillögu um að hafa losun frá alþjóðasjóflutningum með í skuldbindingum Bandalagsins um að draga úr losun, með það fyrir augum að gerðin, sem lögð er fram, öðlist gildi eigi síðar en 2013. Slík tillaga ætti að lágmarka allar neikvæðar afleiðingar fyrir samkeppnishæfni Bandalagsins og taka jafnframt mið af hugsanlegum ávinningi fyrir umhverfið.
- 2) Sjóflutningar hafa áhrif á loftslag og loftgæði í heiminum sökum losunar koltvísýrings, sem og annarrar losunar sem frá þeim kemur, t.d. losun á köfnunarefnisoxíðum, brennisteini, metani, efnisögnum og svörtu kolefni.
- 3) Alþjóðasjóflutningar eru eina tegund flutninga sem fellur ekki undir skuldbindingar Sambandsins um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Samkvæmt áhrifamati, sem fylgir tillögunni að þessari reglugerð, jókst losun koltvísýrings frá alþjóðasjóflutningum um 48% í Evrópusambandinu milli 1990 og 2007.
- 4) Í ljósi örrar þróunar í tengslum við vísindalegan skilning á áhrifum annarrar losunar en koltvísýringslosunar frá sjóflutningum á loftslagið í heiminum ætti reglulega að framkvæma uppfært mat á þessum áhrifum í tengslum við þessa reglugerð. Á grundvelli eigin mats ætti framkvæmdastjórnin að greina áhrifin á stefnur og ráðstafanir í því skyni að draga úr þessari losun.
- 5) Í ályktun Evrópuþingsins frá 5. febrúar 2014 um ramma fyrir loftslags- og orkustefnur fram til ársins 2030 voru framkvæmdastjórnin og aðildarríkin hvött til að setja bindandi markmið fyrir ESB fram til ársins 2030 um að draga úr landsbundinni losun gróðurhúsalofttegunda um 40% hið minnsta, miðað við mörkin frá 1990. Evrópuþingið benti einnig á að allar greinar atvinnulífsins myndu þurfa að leggja sitt af mörkum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda ef Sambandið á að geta staðið við sinn hluta í þessu hnattræna verkefni.
- 6) Í niðurstöðum sínum frá 23. og 24. október 2014 samþykkti Evrópuþingið bindandi markmið fyrir ESB um að dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda í Evrópusambandinu um 40% hið minnsta fyrir árið 2030, miðað við mörkin frá 1990. Evrópuráðið greindi einnig frá mikilvægi þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og áhættum sem tengjast jarðefnaeldsneytisþörf flutningageirans og hvatti framkvæmdastjórnina til að kanna enn frekar gerninga og ráðstafanir með tilliti til heildstæðrar nálgunar sem er hlutlaus í tæknilegu tilliti, m.a. til að stuðla að losunarskerðingu og orkunýtni í flutningum.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 67, 6.3.2014, bls. 170.

⁽²⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 16. apríl 2014 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og afstaða ráðsins eftir fyrstu umræðu frá 5. mars 2015 (hefur ekki enn verið birt í Stjórnartíðindunum). Afstaða Evrópuþingsins frá 28. apríl 2015 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/29/EB frá 23. apríl 2009 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB til að bæta og víkka út kerfi Bandalagsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda (Stjtið. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 63).

⁽⁴⁾ Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 406/2009/EB frá 23. apríl 2009 um átak aðildarríkjanna til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda til að uppfylla skuldbindingar Bandalagsins um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda fram til ársins 2020 (Stjtið. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 136).

- 7) Í sjöundu aðgerðaáætluninni á sviði umhverfismála⁽⁵⁾ er lögð áhersla á að allar greinar atvinnulífsins munu þurfa að leggja sitt af mörkum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda ef Sambandið á að geta staðið við sinn hluta í þessu hnattræna verkefni. Í þessu samhengi er bent á það í sjöundu aðgerðaáætluninni á sviði umhverfismála að styðja þurfi við hvítbókina um flutninga frá 2011 með traustum stefnuramma.
- 8) Í júlí 2011 samþykkti Alþjóðasiglingamálastofnunin tæknilegar ráðstafanir og rekstrarráðstafanir, einkum orkunýtnivísitölu hönnunar (e. *Energy Efficiency Design Index (EEDI)*) í tengslum við ný skip og stjórnunarkerfi fyrir orkunýtni skipa (e. *Ship Energy Efficiency Management Plan (SEEMP)*), sem munu hafa úrbætur í för með sér með því að draga úr væntanlegri aukningu á losun gróðurhúsalofttegunda en einar og sér duga þær ekki til að ná hreinni skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda frá alþjóðasjóflutningum, sem er nauðsynleg til að hægt sé að standa við alþjóðlegt markmið um að hækkun hitastigs á heimsvísu verði ekki meiri en 2 °C.
- 9) Samkvæmt gögnum frá Alþjóðasiglingamálastofnuninni væri hægt að minnka sértæka orkunotkun og losun koltvísýrings frá skipum um 75% með því að beita rekstrarráðstöfunum og innleiða fyrirbyggjandi tækni; umtalsverður hluti þessara ráðstafana getur talist kostnaðarhagkvæmur og gætu þær því verið hreinn ávinningur fyrir geirann þar sem minni eldsneytiskostnaður tryggir endurgreiðslu alls rekstrar- eða fjárfestingarkostnaðar.
- 10) Til að draga úr losun koltvísýrings frá sjóflutningum á vettvangi Sambandsins er besta lausnin enn sú að koma á kerfi fyrir vöktun, skýrslugjöf og sannpröfun (MRV) á losun koltvísýrings, sem byggir á eldsneytisnotkun skipa sem fyrsta skrefi í þrepaskiptri nálgun til að bæta losun frá sjóflutningum við skuldbindingu Sambandsins um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda ásamt losun frá öðrum geirum sem leggja þegar sitt af mörkum til þessarar skuldbindingar. Almennur aðgangur að gögnum um losun mun stuðla að því að ryðja úr vegi markaðshindrunum sem koma í veg fyrir innleiðingu fjölda kostnaðarhagkvæmra ráðstafana sem myndu draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá sjóflutningum.
- 11) Markaðshindranir, s.s. skortur á áreiðanlegum upplýsingum um eldsneytisnýtingu skipa eða á tækni fyrir isetningu endurbótarhluta í skip, skortur á aðgangi að fjármagni fyrir fjárfestingar í orkunýtingu skipa og skipting hvata, þar sem skipseigendur myndu ekki hagnast af fjárfestingum sínum í nýtni skipa þegar rekstraraðilarnir greiða fyrir eldsneytisreikningana, hindra samþykkt ráðstafana til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.
- 12) Niðurstöður úr samráði við hagsmunaaðila og viðræðum við alþjóðlega samstarfsaðila gefa til kynna að beita ætti þrepaskiptri nálgun við að bæta losun frá sjóflutningum við skuldbindingu Sambandsins um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda þar sem fyrsta skrefið er að innleiða traust kerfi fyrir vöktun, skýrslugjöf og sannpröfun á losun koltvísýrings frá sjóflutningum og síðar að ákveða verðið fyrir slíka losun. Með þessari nálgun er auðveldara að ná umtalsverðum árangri á alþjóðavísu varðandi samkomulag um markmið um minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda og frekari ráðstafanir til að ná þessum markmiðum með lágmarkskostnaði.
- 13) Búið er við að með innleiðingu kerfis fyrir vöktun, skýrslugjöf og sannpröfun í Sambandinu minnki losun um allt að 2%, samanborið við óbreytta stöðu, og samanlagður hreinn kostnaður lækki um 1,2 milljarða evra fyrir árið 2030 þar sem það gæti stuðlað að því að ryðja úr vegi markaðshindrunum, einkum þeim sem tengjast skorti á upplýsingum um nýtni skipa, með því að veita viðeigandi mörkuðum samanburðarhæfar og öruggar upplýsingar um eldsneytisnotkun og orkunýtni. Þessi lækkan á flutningskostnaði ætti að auðvelda alþjóðaviðskipti. Enn fremur er traust kerfi fyrir vöktun, skýrslugjöf og sannpröfun forsenda fyrir markaðstengdum ráðstöfunum, stöðlum um nýtni eða öðrum ráðstöfunum, óháð því hvort þeim er beitt á vettvangi Sambandsins eða á heimsvísu. Kerfið veitir einnig áreiðanleg gögn sem nota má til að setja nákvæm losunarskerðingarmarkmið og til að meta framlag sjóflutninga í átt að hagkerfi með lítilli koltvísýringslosun. Sökum þess að sjóflutningar eru alþjóðlegir í eðli sínu væri hnattrænn samningur besta og skilvirkasta aðferðin til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda frá alþjóðlegum sjóflutningum.
- 14) Allar sjóferðir innan Sambandsins, allar sjóferðir inn í Sambandið frá síðustu höfn utan Sambandsins til fyrstu viðkomuhafnar í Sambandinu og allar sjóferðir frá höfn í Sambandinu til næstu viðkomuhafnar utan Sambandsins, þ.m.t. ferðir með kjölfestu, skulu teljast skipta máli að því er varðar vöktun. Losun koltvísýrings í höfnum í Sambandinu, þ.m.t. losun frá skipum sem liggja við bryggju eða sem færa sig til innan hafnar, ætti einnig að vera háð vöktun, einkum þegar til eru sértækar ráðstafanir um að minnka eða koma í veg fyrir losun. Þessum reglum skal beitt án mismununar fyrir öll skip, óháð fána þeirra. En þar sem sjónum er beint að sjóflutningum í þessari reglugerð ætti þó ekki að setja vöktunar-, skýrslugjafar- og sannpröfunarkröfur um ferðir og starfsemi skipa, sem þjóna ekki þeim tilgangi að flytja farm eða farþega í ábataskyni, t.d. dýpkun, ísbrot, röralagning eða starfsemi á stöð á hafri úti.
- 15) Til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði fyrir skip sem starfrækt eru við erfiðari veðurfarsskilyrði ætti að vera hægt að bæta tilteknum upplýsingum um ísflokk skips og siglingar þess í hafis, við í gögnin sem vöktuð eru á grundvelli þessarar reglugerðar.
- 16) Fyrirhugað kerfi fyrir vöktun, skýrslugjöf og sannpröfun ætti að vera í formi reglugerðar sökum þess að

⁽⁵⁾ Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1386/2013/ESB frá 20. nóvember 2013 um að koma á fót almennri aðgerðaáætlun Sambandsins á sviði umhverfismála til ársins 2020 „Gott líf innan marka plánetunnar okkar“ (Stjtið. ESB L 354, 28.12.2013, bls. 171).

ákvæðin, sem innleiða á, eru flókin og mjög tæknileg í eðli sínu og að nauðsynlegt er að hafa samræmdar reglur sem gilda í öllu Sambandinu til að endurspegla alþjóðlegt eðli sjóflutninga og fjölda skipa sem vænta má að komi við í höfnum í mismunandi aðildarríkjum sem og til að auðvelda innleiðingu í öllu Sambandinu.

- 17) Traust sértækt kerfi fyrir vöktun, skýrslugjöf og sannprófun skipa í Sambandinu ætti að byggja á útreikningum á losun frá eldsneyti sem notað er á sjóferðum til hafna og frá höfnum í Sambandinu því gögn um eldsneytissölu gefa ekki nægilega nákvæmt mat á eldsneytisnotkuninni á þessu tiltekna sviði sökum þess hvað rúmtak eldsneytisgeyma í skipum er mikið.
- 18) Aðrar viðeigandi upplýsingar ættu einnig að falla undir kerfi Sambandsins fyrir vöktun, skýrslugjöf og sannprófun, sem gerir kleift að ákvarða nýtni skipa eða að greina enn frekar þá þætti sem liggja að baki frekari þróun losunar en fara jafnframt með viðskipta- eða iðnaðarupplýsingar sem trúnaðarmál. Þetta gildissvið skipar einnig kerfi Sambandsins fyrir vöktun, skýrslugjöf og sannprófun við hlið alþjóðlegra framtaksverkefna um að innleiða orkunýtnistaðla fyrir gömul skip, þ.m.t. rekstrarástafanir, og stuðlar einnig að því að ryðja úr vegi markaðshindrunum sem tengjast skorti á upplýsingum.
- 19) Í því skyni að halda stjórnsýsluálagi á skipseigendur og rekstraraðila, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki, í lágmarki og til að hámarka hlutfallið milli kostnaðar og ábata í kerfinu fyrir vöktun, skýrslugjöf og sannprófun án þess að stofna í hættu markmiðinu um að stærsti hluti losunar gróðurhúsalofttegunda frá sjóflutningum falli þar undir, ættu reglurnar fyrir kerfið fyrir vöktun, skýrslugjöf og sannprófun aðeins að gilda um stórlausendur. Eftir ítarlega hlutlæga greiningu á stærð og losun skipa, sem sigla inn í og út úr höfnum í Sambandinu, var valið að setja viðmiðunarmörkin við 5000 brúttótonn. U.þ.b. 55% skipa sem sigla í hafnir Sambandsins veга meira en 5000 brúttótonn og kemur u.þ.b. 90% af tilheyrandi losun frá þeim. Þessi viðmiðunarmörk án mismununar myndu tryggja að kerfið taki til þeirra sem losa mest. Lægri viðmiðunarmörk myndu leiða til aukins stjórnsýsluálags en hærri viðmiðunarmörk myndu takmarka þá losun sem fellur undir kerfið fyrir vöktun, skýrslugjöf og sannprófun og þar af leiðandi umhverfislegan árangur af því.
- 20) Til að draga enn frekar úr stjórnsýsluálagi fyrir skipseigendur og rekstraraðila ættu vöktunarreglurnar að leggja áherslu á koltvísýring, sem er sú gróðurhúsalofttegund sem skiptir mestu máli hvað varðar losun frá sjóflutningum.
- 21) Reglurnar ættu að taka mið af fyrirliggjandi kröfum og gögnum, sem þegar liggja fyrir um borð í skipum; félög ættu þar af leiðandi að fá tækifæri til að velja eina af eftirfarandi fjórum vöktunaraðferðum: að nota afhendingarseðla fyrir skipaeldsneyti, að vakta eldsneytisgeyma um borð, að nota streymismæla fyrir viðeigandi brunafæri eða beina mælingu á losun. Valið skal skrá í vöktunaráætlun, sem gildir fyrir hvert skip um sig, og veitir nánari upplýsingar um beitingu þeirrar aðferðar.
- 22) Öll félög, sem bera ábyrgð á heilu skýrslutímabili fyrir skip í siglingum, ættu að teljast bera ábyrgð á öllum þeim skyldum varðandi vöktun og skýrslugjöf sem upp koma í tengslum við þetta skýrslutímabil, þ.m.t. að leggja fram skýrslu um losun, sem hefur verið sannreynð með fullnægjandi hætti. Ef félagsskipti skipti eiga sér stað ætti nýja félagið að bera ábyrgð á skyldum varðandi vöktun og skýrslugjöf sem tengjast því skýrslutímabili þegar skiptin áttu sér stað. Til að auðvelda efndir þessara skyldna ætti nýja félagið að fá afrit af nýjustu vöktunaráætluninni og samræmingarskjalinu, ef það liggur fyrir.
- 23) Á þessu stigi ættu aðrar gróðurhúsalofttegundir, loftslagsáhrifavaldar eða loftmengunarefni ekki að falla undir kerfi Sambandsins um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun til að forðast kröfur um uppsetningu á mælíbúnaði sem er hvorki nægilega áreiðanlegur né heldur aðgengilegur á almennum markaði og sem gæti hindrað innleiðingu kerfis Sambandsins um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun.
- 24) Í alþjóðasamningi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um varnir gegn mengun frá skipum (MARPOL) er kveðið á um lögboðna beitingu orkunýtnivísitölu hönnunar (EEDI) í tengslum við ný skip og notkun stjórnunarkerfis fyrir orkunýtingu skipa (SEEMP) í tengslum við alþjóðlega flotann í heild sinni.
- 25) Til að halda stjórnsýsluálagi fyrir skipseigendur og rekstraraðila í lágmarki ætti að skipuleggja skýrslugjöf og útgáfu tilkynnta upplýsinga á ársgrundvelli. Leysa má atriði er varða upplýsingaleynd með því að takmarka birtingu upplýsinga sem tengjast losun, eldsneytisnotkun og orkunýtni við ársmeðaltal og samanlagðar tölur. Til að tryggja að ekki sé grafið undan vernd lögmeðaltal efnahagslegra hagsmuna, sem ganga framar hagsmunum almennings hvað varðar upplýsingagjöf, ætti í undantekningartilvikum og að ósk félagsins, að beita öðruvísi flokkunarþrepi fyrir gögn. Fella ætti gögnin, sem framkvæmdastjórninni hefur verið tilkynnt um, inn í hagskýrslur að því marki sem þessi gögn skipta máli fyrir þróun, gerð og miðlun evrópskra hagskýrslna í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/504/ESB ⁽⁶⁾.
- 26) Sannprófun af hálfu faggiltra sannprófenda ætti að tryggja að vöktunaráætlanir og losunarskýrslur séu réttar og í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í þessari reglugerð. Til að einfalda sannprófun er mikilvægt að sannprófendur athugi trúverðugleika gagna með því að bera saman tilkynnt gögn og áætlunargögn, sem byggja á

⁽⁶⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/504/ESB frá 17. september 2012 um Hagstofu Evrópusambandsins (Stjtið. ESB L 251, 18.9.2012, bls. 49).

fjarvöktunargögnum skips og eiginleikum þess. Framkvæmdastjórnin gæti látið slíkt mat í té. Til að tryggja óhlutdrægni ættu sannprófundur að vera sjálfstæðir og lögbærir lögaðilar og ættu að hafa faggildingu frá faggildingarstofu í aðildarríki, sem komið var á fót samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 ⁽⁷⁾.

- 27) Um borð í skipum ætti að vera samræmingarskjal sem sannprófandi hefur gefið út til að sýna fram á að skyldur um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun séu uppfylltar. Sannprófundur ættu að upplýsa framkvæmdastjórnina um útgáfu slíkra gagna.
- 28) Á grundvelli reynslu af svipuðum verkefnum sem tengjast siglingaöryggi ætti Siglingaöryggisstofnun Evrópu, innan ramma umboðs síns, að styðja við framkvæmdastjórnina með því að sjá um tiltekin verkefni.
- 29) Framfylgd skuldbindinganna sem tengjast kerfinu um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun ætti að byggjast á fyrirliggjandi gerningum, þ.e. þeim sem fastsettir eru samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/16/EB ⁽⁸⁾ og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/21/EB ⁽⁹⁾, og á upplýsingum um útgáfu samræmingarskjala. Það ætti að bæta skjalinu, sem staðfestir að skipið uppfyllir skuldbindingar varðandi vöktun og skýrslugjöf, við í skrána um skirteini og skjöl, sem um getur í IV. viðauka við tilskipun 2009/16/EB.
- 30) Aðildarríkin skulu leitast við að skoða skip sem koma í hafnir innan lögsögu þeirra og hafa ekki tiltækar tiltekna, tilskildar upplýsingar varðandi samræmingarskjalið.
- 31) Sé ákvæðum þessarar reglugerðar ekki fylgt ætti það að leiða til beitingar viðurlaga. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur sem gilda um þessi viðurlög. Þessi viðurlög skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og hafa letjandi áhrif.
- 32) Ef skip hefur ekki uppfyllt kröfur um vöktun og skýrslugjöf í tvö eða fleiri skýrslutímabil samfelld og ef aðrar ráðstafanir til framfylgdar hafa ekki tryggt að farið sé að þeim er viðeigandi að kveða á um möguleikann á brottvísun. Beita ætti slíki ráðstöfun þannig að hún geri kleift að ráða bót á vanefndum innan hæfilegs tíma.
- 33) Aðildarríki, sem hafa ekki hafnir við sjó á yfirráðasvæði sínu og hafa engin skip sem sigla undir fána þeirra og sem falla undir reglugerð þessa eða sem hafa lokað landsbundinni skipaskrá sinni, ættu að geta vikið frá ákvæðum þessarar reglugerðar hvað varðar viðurlög svo framarlega sem ekkert slíkt skip siglir undir fána þeirra.
- 34) Kerfi Sambandsins um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun ætti að vera fyrirmynd að innleiðingu á hnattrænu kerfi um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun. Hnattrænt kerfi um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun er ákjósanlegra þar sem það gæti talist skilvirkara sökum þess að gildissvið þess er víðtækara. Í þessu samhengi, og í því skyni að einfalda þróun alþjóðlegra reglna innan Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar varðandi vöktun, skýrslugjöf og sannprófun á losun gróðurhúsalofttegunda frá sjóflutningum, ætti framkvæmdastjórnin því reglulega að deila með Alþjóðasiglingamálastofnuninni og öðrum viðeigandi alþjóðastofnunum viðeigandi upplýsingum um framkvæmd þessarar reglugerðar og viðeigandi upplýsingar skulu sendar Alþjóðasiglingamálastofnuninni. Þegar komist verður að samkomulagi um hnattrænt kerfi um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun ætti framkvæmdastjórnin að endurskoða kerfi Sambandsins um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun í því skyni að samræma það hnattræna kerfinu um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun.
- 35) Til að taka tillit til viðeigandi alþjóðlegra reglna og alþjóðlegra og evrópskra staðla, sem og til þróunar á sviði tækni og vísinda, skal framkvæmdastjórnin hafa umboð til að samþykkja gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að því er varðar endurskoðun á tilteknum tæknilegum atriðum hvað varðar vöktun og skýrslugjöf um koltvísyringslosun frá skipum og til að tilgreina nánar reglurnar sem gilda um sannprófunarstörf og aðferðirnar við faggildingu sannprófenda. Það er einkar mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhlíða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.
- 36) Fela ætti framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald í því skyni að tryggja samræmd skilyrði fyrir notkun á stöðluðu sniðmáti í tengslum við vöktun á losun koltvísyrings og öðrum viðeigandi upplýsingum, fyrir notkun sjálfvirkra kerfa og staðlaðra rafrænna sniðmáta í tengslum við samfellda skýrslugjöf til framkvæmdastjórnarinnar og yfirvalda viðeigandi fánaríkja um losun koltvísyrings og aðrar viðeigandi upplýsingar, fyrir ákvörðun tæknireglna um þær breytur sem gilda um flokka skipa, aðra en farþegaskip, ekjuskip og gámaskip, og fyrir endurskoðun á þessum breytum. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ⁽¹⁰⁾.

⁽⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og um niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 339/93 (Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30).

⁽⁸⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/16/EB frá 23. apríl 2009 um hafnarríkiseftirlit (Stjtið. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 57).

⁽⁹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/21/EB frá 23. apríl 2009 um samræmi við kröfur fánaríkis (Stjtið. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 132).

⁽¹⁰⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi

- 37) Þar eð aðildarríkin geta ekki, vegna alþjóðlegs eðlis sjóflutninga, fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að annast vöktun, skýrslugjöf og sannprófun á koltvísyringslosun frá skipum sem fyrsta skrefi í þrepaskiptri nálgun til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs og áhrifa þeirra, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna, eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði.
- 38) Reglurnar um innleiðingu kerfis um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun ættu að vera í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB ⁽¹⁾ og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 ⁽²⁾.
- 39) Þessi reglugerð ætti að öðlast gildi 1. júlí 2015 til að tryggja að aðildarríkin og hlutaðeigandi hagsmunaaðilar hafi nægan tíma til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja skilvirka beitingu þessarar reglugerðar áður en fyrsta skýrslutímabilið hefst 1. janúar 2018.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur fyrir nákvæma vöktun, skýrslugjöf og sannprófun á koltvísyringslosun og öðrum viðeigandi upplýsingum frá skipum, sem koma í höfn, eru í höfn eða láta úr höfn, sem fellur undir lögsögu aðildarríkis, í því skyni að stuðla að minnkun á koltvísyringslosun frá sjóflutningum með kostnaðarhagkvæmum hætti.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um skip yfir 5000 brúttótonnum með tilliti til koltvísyringslosunar, sem á sér stað meðan á sjóferð stendur frá síðustu viðkomuhöfn þeirra til viðkomuhafnar, sem fellur undir lögsögu aðildarríkis, og frá viðkomuhöfn, sem fellur undir lögsögu aðildarríkis, að næstu viðkomuhöfn þeirra, sem og þegar þau eru í viðkomuhöfnum sem falla undir lögsögu aðildarríkis.
2. Þessi reglugerð gildir ekki um herskip, hjálparskip í flota, fiskiskip eða fiskvinnsluskip, tréskip með frumstæðu byggingarlagi, skip sem er ekki knúið áfram með vélrænum hætti eða ríkisskip nýtt í tilgangi sem ekki er viðskiptalegs eðlis.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „koltvísyringslosun“: losun koltvísyrings frá skipum út í andrúmsloftið,
- b) „viðkomuhöfn“: sú höfn þar sem skip hefur viðkomu til að ferma eða afferma eða fyrir farþega að stíga um borð í skip eða fara frá borði og þar af leiðandi er undanskilin viðkoma í þeim tilgangi einum að taka eldsneyti, ná í birgðir, hvíla áhöfnina, fara í þurrkví eða til að lagfæra skipið og/eða búnað þess, viðkoma í höfn sökum þess að skipið þarfnast aðstoðar eða er nauðstatt, flutningur milli skipa sem fer fram utan við höfnina, og viðkoma í þeim tilgangi einum að skýla sér frá slæmum veðurskilyrðum eða það reynist nauðsynlegt vegna leitar- og björgunar- aðgerða,
- c) „sjóferð“: ferð skips sem hefst eða endar í viðkomuhöfn og þjónar þeim tilgangi að flytja farþega eða farm í ábataskyni,
- d) „félag“: eigandi skips eða hver sú stofnun eða einstaklingur, t.d. framkvæmdastjóri eða skipamiðlari þurrleiguskipa, sem hefur tekið á sig ábyrgð á rekstri skipsins fyrir hönd skipseiganda,
- e) „brúttótonnatala“: brúttótonnatala sem er reiknuð í samræmi við reglur um mælingu skipa í I. viðauka við

tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

alþjóðasamninginn um mælingar skipa frá 1969, sem Alþjóðasiglingamálastofnunin samþykkti í Lundúnum 23. júní 1969, eða síðari samninga sem kunna að koma í stað hans,

- f) „sannprófandi“: lögaðili sem annast sannprófunarstörf og hefur faggildingu frá faggildingarstofu í aðildarríki samkvæmt reglugerð (EB) nr. 765/2008 og þessari reglugerð,
- g) „sannprófun“: störf sem sannprófandi framkvæmir til að meta hvort skjölin, sem félagið leggur fram, séu í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar,
- h) „samræmingarskjal“: skjal, sem er bundið við tiltekið skip og sem sannprófandi gefur út til félags, sem staðfestir að skipið hafi uppfyllt kröfur þessarar reglugerðar fyrir tiltekið skýrslutímabil,
- i) „aðrar viðeigandi upplýsingar“: upplýsingar sem tengjast losun koltvísyrings frá eldsneytisnotkun skipa, frá starfsemi á sviði samgangna og orkunýtni skipa, sem gera kleift að greina horfur varðandi losun og að meta frammistöðu skipa,
- j) „losunarstuðull“: meðallosunarhlutfall gróðurhúsalofttegundar miðað við gögn um starfsemi fyrir efnisstraum þar sem ráð er fyrir því gert að fullkomin oxun verði við bruna og fullkomin ummyndun í tengslum við öll önnur efnahvörf,
- k) „óvissa“: þáttur er tengist niðurstöðum ákvörðunar á stærð, sem lýsir dreifingu gildanna, sem raunhæft er að tengja tiltekinni stærð, þ.m.t. áhrif frá kerfisbundnum eða handahófskenndum þáttum, sem gefinn er upp í hundradshlutum og lýsir öryggisbili í kringum meðalgildið, sem tekur til um 95% af reiknuðum gildum, að teknu tilliti til hugsanlegrar ósamhverfu í dreifingu gilda,
- l) „varfærnislegur“: hugtak sem vísar til þess að tilteknar forsendur eru skilgreindar til að koma í veg fyrir vanmat á árlegri losun eða ofmat á vegalengd eða farmmagni um borð,
- m) „skýrslutímabil“: eitt almanaksár þar sem skylt er að vakta og tilkynna koltvísyringslosun, Hvað varðar sjóferðir sem byrja á einu almanaksári en enda á öðru skulu gögnin um vöktun og skýrslugjöf lögð fram fyrra almanaksárið,
- n) „skip við bryggju“: skip sem er tryggilega fest með landfestum eða liggur við akkeri í höfn sem fellur undir lögsögu aðildarríkis meðan verið er að ferma, afferma eða það hefur stutta viðkomu (e. *hotelling*), þ.m.t. tíminn þegar ekki er verið að vinna við farm,
- o) „isflokkur“: tákun, sem skipi er úthlutað af lögbærum landsyfirvöldum fánaríkisins eða stofnun sem það ríki viðurkennir, sem sýnir að skipið hefur verið hannað fyrir siglingar í hafis.

II. KAFLI

VÖKTUN OG SKÝRSLUGJÖF

1. ÞÁTTUR

Meginreglur og aðferðir við vöktun og skýrslugjöf

4. gr.

Almennar meginreglur um vöktun og skýrslugjöf

1. Í samræmi við 8.–12. gr. skulu félög, fyrir hvert skip sem þau eiga, vakta og gefa skýrslu um viðeigandi breytur meðan á skýrslutímabili stendur. Þau skulu sinna vöktun og skýrslugjöf í öllum höfnum sem falla undir lögsögu aðildarríkis og fyrir allar sjóferðir til eða frá höfn, sem fellur undir lögsögu aðildarríkis.
2. Vöktun og skýrslugjöf skal vera tæmandi og taka til koltvísyringslosunar frá eldsneytisnotkun skipa þegar þau eru á sjó sem og þegar þau eru við bryggju. Félög skulu beita viðeigandi ráðstöfunum til að koma í veg fyrir eyður í gögnum á skýrslutímabilinu.
3. Vöktun og skýrslugjöf skal vera samræmd og samanburðarhæf yfir tíma. Í því skyni skulu félög nota sömu vöktunaraðferðir og sömu gagnasöfn með fyrirvara um breytingar sem sannprófandi samþykkir.
4. Félög skulu afla, skrá, taka saman, greina og skjalfesta vöktunargögn, þ.m.t. forsendur, viðmið, losunarstuðla og gögn um starfsemi, á gagnsæjan hátt sem gerir sannprófanda kleift að endurtaka ákvörðun koltvísyringslosunar.
5. Félög skulu tryggja að ákvörðun koltvísyringslosunar sé hvorki kerfisbundið né vísitandi ónákvæm. Þau skulu greina og draga úr upptökum ónákvæmni.
6. Félög skulu sjá til þess að unnt sé með viðunandi vissu að ákvarða heilleika gagna um koltvísyringslosun, sem falla undir vöktun og skýrslugjöf.
7. Félög skulu leitast við að taka til greina tilmælin í sannprófunarskýrslum sem birtar eru skv. 3. eða 4. mgr. 13. gr. í síðari vöktun sinni og skýrslugjöf.

5. gr.

Aðferðir við vöktun losunar koltvísyrings og annarra viðeigandi upplýsinga

1. Að því er varðar 1., 2. og 3. mgr. 4. gr. skulu félög ákvarða losun koltvísyrings fyrir hvert skip sem þau eiga í samræmi við þær aðferðir sem settar eru fram í I. viðauka og vakta aðrar viðeigandi upplýsingar í samræmi við reglurnar sem settar eru fram í II. viðauka, eða sem eru samþykktar samkvæmt viðaukanum.
2. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 23. gr. til að breyta aðferðunum sem settar eru fram í I. viðauka og reglunum sem settar eru fram í II. viðauka í því skyni að taka tillit til viðeigandi alþjóðlegra reglna sem og til alþjóðlegra og evrópskra staðla. Framkvæmdastjórnin skal einnig hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 23. gr. til að breyta I. og II. viðauka í því skyni að endurbæta þá þætti vöktunaraðferðanna, sem settar eru fram þar, í ljósi þróunar á sviði tækni og vísinda.

2. ÞÁTTUR

Vöktunaráætlun

6. gr.

Efni og framlagning vöktunaráætlunarinnar

1. Félög skulu eigi síðar en 31. ágúst 2017 senda sannpröfendum vöktunaráætlun fyrir hvert skip sem þau eiga þar sem fram kemur hvaða aðferð hefur verið valin fyrir vöktun og skýrslugjöf hvað varðar losun koltvísyrings og aðrar viðeigandi upplýsingar.
2. Þrátt fyrir 1. mgr. skal félagið, að því er varðar skip sem falla í fyrsta skiptið undir gildissvið þessarar reglugerðar eftir 31. ágúst 2017, senda sannpröfanda vöktunaráætlun án ástæðulausrar tafar og eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að hvert skip kemur í fyrsta sinn í höfn sem fellur undir lögsögu aðildarríkis.
3. Í vöktunaráætluninni skulu vera tæmandi og gagnsæ gögn um vöktunaraðferðina fyrir hlutaðeigandi skip og í henni skulu koma fram a.m.k. eftirfarandi þættir:
 - a) auðkenni og tegund skips, þ.m.t. heiti þess, IMO-auðkennisnúmer, skráningarhöfn eða heimahöfn og nafn skipsseiganda,
 - b) heiti félagsins og heimilisfang, símanúmer og tölvupóstfang hjá tengilið,
 - c) lýsing á eftirfarandi upptökum koltvísyringslosunar um borð í skipinu: aðalvélum, hjálparvélum, gashverflum, kötlum og búnaði sem framleiðir óhvarfgjarnar lofttegundir (e. *inert gas generators*) og eldsneytistegundum sem notaðar eru,
 - d) lýsing á aðferðum, kerfum og ábyrgð sem notuð eru til að uppfæra skrána yfir upptök koltvísyringslosunar á skýrslutímabilinu,
 - e) lýsing á aðferðunum sem notaðar eru til að vakta heilleika skrárinnar yfir sjóferðir,
 - f) lýsing á aðferðunum til að vakta eldsneytisnotkun skipsins, þ.m.t.:
 - i. aðferðinni, sem var valin af þeim aðferðum sem settar eru fram í I. viðauka, til að reikna út eldsneytisnotkun frá öllum upptökum koltvísyringslosunar, þ.m.t. þar sem við á, lýsingu á mælitækjum sem notuð eru,
 - ii. aðferðunum til að mæla áfyllt eldsneytismagn og eldsneytismagn í geymum, þ.m.t. lýsingu á mælitækjum sem notuð eru og aðferðir við að skrá, sækja, senda og varðveita upplýsingar varðandi mælingar, eftir því sem við á,
 - iii. þeirri aðferð sem er valin til að greina eðlismassa, eftir atvikum,
 - iv. aðferð við að tryggja að heildaróvissan við eldsneytismælingar sé í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar, með vísun þar sem það er unnt í landslög, ákvæði í viðskiptamannasamningum eða staðla eldsneytisbirgja fyrir nákvæmni,
 - g) losunarstuðlar sem notaðir eru fyrir hverja tegund eldsneytis eða, ef um er að ræða annars konar eldsneyti, aðferðir við að ákvarða losunarstuðla, þ.m.t. aðferðir við sýnatöku, greiningaraðferðir og lýsing á rannsóknarstofum sem notaðar eru og faggildingu þessara rannsóknarstofa í samræmi við ISO 17025, ef slíkt liggur fyrir,
 - h) lýsing á aðferðum við að ákvarða gögn um starfsemi á grundvelli einstakra sjóferða, þ.m.t.:
 - i. aðferðir, ábyrgð og gagnalindir fyrir ákvörðun og skráningu á vegalengd,
 - ii. aðferðir, ábyrgð, formúlur og gagnalindir fyrir ákvörðun og skráningu á þeim farmi sem er um borð og fjölda farþega, eftir því sem við á,
 - iii. aðferðir, ábyrgð, formúlur og gagnalindir fyrir ákvörðun og skráningu á úthaldstíma á sjó milli brottfararhafnar og komuhafnar,
 - i) lýsing á aðferðinni sem nota á til að ákvarða staðgöngugögn til að fylla upp í gagnaeyður,
 - j) endurskoðunarblöð til að skrá allar upplýsingar um sögu endurskoðunar.

4. Vöktunaráætlunin getur einnig innihaldið upplýsingar um ísflokk skipsins og/eða aðferðir, ábyrgð, formúlur og gagnalindir til að ákvarða og skrá vegalengdina sem farin er og úthaldstíma á sjó þegar siglt er í hafis.
5. Félög skulu nota staðlaðar vöktunaráætlanir sem byggja á sniðmátum. Framkvæmdastjórnin skal, á grundvelli framkvæmdargerða, ákveða þessi sniðmát, þ.m.t. tæknireglurnar um samræmda beitingu þeirra. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 24. gr.

7. gr.

Breytingar á vöktunaráætluninni

1. Félög skulu hafa reglulegt eftirlit, a.m.k. árlega, með því hvort vöktunaráætlun skips endurspegli eðli og rekstur skipsins og hvort hægt sé að bæta vöktunaraðferðina.
2. Félög skulu breyta vöktunaráætluninni við einhverjar af eftirfarandi aðstæðum:
 - a) þegar um er að ræða félagsskipti,
 - b) þegar ný losun koltvísýrings á sér stað vegna losunar frá nýjum upptökum losunar eða vegna notkunar nýrra eldsneytistegunda, sem enn er ekki að finna í vöktunaráætluninni,
 - c) þegar breytingar á tiltækileika gagna vegna notkunar nýrra gerða mælitækja, nýrra sýnatöku- eða greiningaraðferða, eða af öðrum ástæðum, geta haft áhrif á nákvæmni við ákvörðun á losun koltvísýrings,
 - d) þegar í ljós kemur að gögnin, sem fengin eru með valinni vöktunaraðferð, eru ekki rétt,
 - e) þegar einhver þáttur vöktunaráætlunarinnar reynist ekki vera í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar og félagið verður að endurskoða hana í samræmi við 1. mgr. 13. gr.
3. Félög skulu tilkynna sannprófendum án ótilhlýðilegrar tafar um hvers kyns tillögur að breytingum á vöktunaráætluninni.
4. Breytingar á vöktunaráætluninni, samkvæmt b-, c- og d-lið 2. mgr. þessarar greinar, skulu háðar mati sannprófanda í samræmi við 1. mgr. 13. gr. Að loknu mati skal sannprófandi tilkynna félaginu hvort breytingarnar samræmist ákvæðum.

3. ÞÁTTUR

Vöktun losunar koltvísýrings og annarra viðeigandi upplýsinga

8. gr.

Vöktun starfsemi innan skýrslutímabils

Frá 1. janúar 2018 skulu félög, á grundvelli vöktunaráætlunarinnar, sem metin var í samræmi við 1. mgr. 13. gr., vakta losun koltvísýrings frá hverju skipi á grundvelli einstakra sjóferða og á ársgrundvelli, með því að nota viðeigandi aðferð, úr B-hluta I. viðauka, til að ákvarða losun koltvísýrings og með því að reikna út losun koltvísýrings í samræmi við A-hluta I. viðauka.

9. gr.

Vöktun á grundvelli einstakra sjóferða

1. Á grundvelli vöktunaráætlunarinnar, sem metin var í samræmi við 1. mgr. 13. gr., skulu félög vakta eftirfarandi breytur, í samræmi við A-hluta í I. viðauka og A-hluta í II. viðauka, fyrir hvert skip, sem kemur eða fer, og fyrir hverja sjóferð til eða frá höfn sem fellur undir lögsögu aðildarríkis:
 - a) brottfararhöfn og komuhöfn, þ.m.t. dagsetningu og tímasetningu brottfarar og komu,
 - b) magn og losunarstuðul fyrir hverja tegund eldsneytis sem notað er í heildina,
 - c) losun koltvísýrings,
 - d) vegalengd sem farin er,
 - e) úthaldstíma á sjó,
 - f) farm um borð,
 - g) starfsemi á sviði samgangna.
- Félög geta einnig vaktað upplýsingar sem tengjast ísflokki skipsins og siglingu í hafis, þar sem við á.
2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar og með fyrirvara um 10. gr. skal félag undanþegið þeirri skyldu að vakta upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, fyrir hverja sjóferð að því er varðar tiltekið skip, ef:
 - a) allar sjóferðir skipsins á skýrslutímabilinu annaðhvort byrja eða enda í höfn sem fellur undir lögsögu aðildarríkis og
 - b) skipið fer, samkvæmt áætlun þess, í yfir 300 sjóferðir meðan á skýrslutímabilinu stendur.

10. gr.

Vöktun á ársgrundvelli

Á grundvelli vöktunaráætlunarinnar, sem metin var í samræmi við 1. mgr. 13. gr., skulu félög vakta eftirfarandi breytur, í samræmi við A-hluta í I. viðauka og B-hluta í II. viðauka, fyrir hvert skip og hvert almanaksár:

- a) magn og losunarstuðul fyrir hverja tegund eldsneytis sem notað er í heildina,
- b) uppsafnaða heildarlosun koltvísýrings innan gildissviðs þessarar reglugerðar,
- c) uppsafnaða losun koltvísýrings frá öllum sjóferðum milli hafna sem falla undir lögsögu aðildarríkis,
- d) uppsafnaða losun koltvísýrings frá öllum sjóferðum sem hófust í höfnum sem falla undir lögsögu aðildarríkis,
- e) uppsafnaða losun koltvísýrings frá öllum sjóferðum til hafna sem falla undir lögsögu aðildarríkis,
- f) losun koltvísýrings sem átti sér stað í höfnum sem falla undir lögsögu aðildarríkis, meðan skipið var við bryggju,
- g) heildarvegalengd sem farin er,
- h) heildarúthaldstíma á sjó,
- i) heildarstarfsemi á sviði samgangna.
- j) meðaltal orkunýtni.

Félög geta vaktað upplýsingar sem tengjast ísflokki skipsins og siglingu í hafis, þar sem við á.

Félög geta einnig vaktað eldsneytisnotkun og losun koltvísýrings, sundurgreint á grundvelli annarra viðmiðana sem skilgreindar eru í vöktunaráætluninni.

4. ÞÁTTUR

Skýrslugjöf

11. gr.

Inntak losunarskýrslu

1. Frá árinu 2019, eigi síðar en 30. apríl ár hvert, skulu félög leggja fyrir framkvæmdastjórnina og yfirvöld hlutaðeigandi fánaríkis, losunarskýrslu um losun koltvísýrings og aðrar viðeigandi upplýsingar á öllu skýrslutímabilinu fyrir hvert skip sem þau bera ábyrgð á og sem sannprófandi hefur staðfest að séu fullnægjandi í samræmi við 13. gr.
2. Ef um er að ræða félagsskipti þá skal nýja félagið tryggja að öll skip á ábyrgð þess uppfylli kröfur þessarar reglugerðar á öllu skýrslutímabilinu sem félagið ber ábyrgð á hlutaðeigandi skipi.
3. Félög skulu setja eftirfarandi upplýsingar í losunarskýrsluna:
 - a) gögn sem auðkenna skipið og félagið, þ.m.t:
 - i. heiti skipsins,
 - ii. IMO-auðkennisnúmer,
 - iii. skráningarhöfn eða heimahöfn,
 - iv. ísflokk skipsins, ef hann kemur fram í vöktunaráætluninni,
 - v. tæknigetu skipsins (orkunýtnivísitölu hönnunar (EEDI) eða áætlað vísitölugildi (e. *Estimated Index Value*, EIV) í samræmi við ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar MEPC.215 (63), eftir atvikum),
 - vi. nafn skipseiganda,
 - vii. heimilisfang skipseiganda og höfuðstöðvar hans,
 - viii. heiti félagsins (ef það er ekki skipseigandinn),
 - ix. heimilisfang félagsins (ef það er ekki skipseigandinn) og höfuðstöðvar þess,
 - x. heimilisfang, símanúmer og netfang tengiliðar,
 - b) auðkenni sannprófundans, sem mat losunarskýrsluna,
 - c) upplýsingar um vöktunaraðferðina sem notuð var og tilheyrandi óvissustig,
 - d) niðurstöður úr árlegri vöktun á breytunum, í samræmi við 10. gr.

12. gr.

Framsetning losunarskýrslu

1. Losunarskýrslan skal lögð fram með notkun sjálfvirkra kerfa og sniða fyrir gagnaskipti, þ.m.t. rafræn sniðmát.
2. Framkvæmdastjórnin skal, á grundvelli framkvæmdargerða, ákveða tæknireglur fyrir snið fyrir gagnaskipti, þ.m.t. rafrænu sniðmátin. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 24. gr.

III. KAFLI

SANNPRÓFUN OG FAGGILDING

13. gr.

Umfang sannprófunarstarfa og sannprófunarskýrsla

1. Sannprófandi skal meta hvort vöktunaráætlunin samræmist kröfunum sem mælt er fyrir um í 6. og 7. gr. Ef mat sannprófanda staðfestir að ekki er farið að þessum kröfum skal hlutaðeigandi félag endurskoða vöktunaráætlun sína í samræmi við þetta og leggja fram endurskoðaða áætlun fyrir lokamat sannprófanda, áður en skýrslutímabilið hefst. Félagið og sannprófandi skulu komast að samkomulagi um tímaramma sem nauðsynlegur er til að innleiða þessar breytingar. Þessi tímarammi skal þó ekki ná fram yfir upphaf skýrslutímabilsins.

2. Sannprófandi skal meta hvort losunarskýrslan samræmist kröfunum sem mælt er fyrir um í 8–12. gr. og I. og II. viðauka.

Sannprófandinn skal einkum meta hvort losun koltvísýrings og aðrar viðeigandi upplýsingar, sem finna má í losunarskýrslunni, hafi verið ákveðin í samræmi við 8., 9. og 10. gr. og vöktunaráætlunina.

3. Ef niðurstaðan úr sannprófunarmatinu, sem sannprófandinn ábyrgist með fullnægjandi áreiðanleika, er sú að í losunarskýrslunni séu ekki verulegar rangfærslur skal sannprófandi gefa út sannprófunarskýrslu þar sem staðfest er að losunarskýrslan er fullnægjandi. Í sannprófunarskýrslunni skal tilgreina öll atriði sem varða störf sannprófanda.

4. Ef niðurstaðan úr sannprófunarmatinu er sú að í losunarskýrslunni séu rangfærslur eða ósamræmi við kröfur þessarar reglugerðar þá á sannprófandinn að upplýsa félagið þar um með tímanlegum hætti. Félagið á þá að leiðrétta rangfærslur eða ósamræmi við kröfur til þess að sannprófunarferlinu verði lokið tímanlega og láta sannprófanda í té endurskoðaða losunarskýrslu og hvers kyns aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leiðrétta greint ósamræmi. Í sannprófunarskýrslu sinni skal sannprófandi tilgreina hvort félagið hafi leiðrétt þær rangfærslur eða ósamræmi við kröfur sem greindist í sannprófunarmatinu. Ef ekki er búið að leiðrétta rangfærslur eða ósamræmi, sem tilkynnt var um, og þau leiða ein og sér eða saman til verulegra rangfærsla, skal sannprófandi gefa út sannprófunarskýrslu þar sem hann tilgreinir að losunarskýrslan uppfyllir ekki þessa reglugerð.

14. gr.

Almennar skyldur og meginreglur fyrir sannprófundur

1. Sannprófandinn skal vera óháður félaginu eða útgerð skipsins og skal annast þau störf sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð í þágu almennings. Þess vegna mega hvorki sannprófandi né aðrir sem tilheyra sama lögaðila vera félag eða rekstraradili skips, eigandi félags, eða vera í eigu félags, né heldur skal sannprófandinn hafa tengsl við félagið sem gætu haft á áhrif á óhæði hans og óhlutrægni.

2. Hvað varðar sannprófun á losunarskýrslunni og vöktunaraðferðum félagsins skal sannprófandi meta áreiðanleika, trúverðugleika og nákvæmni vöktunarkerfanna sem og gögn og upplýsingar, sem lögð voru fram um losun koltvísýrings, einkum um eftirfarandi:

- hvernig eldsneytisnotkun er úthlutað til sjóferða,
- uppgæfin gögn um eldsneytisnotkun og tilheyrandi mælingar og útreikningar,
- val á losunarstuðlum og notkun þeirra,
- útreikninga til ákvörðunar á heildarlosun koltvísýrings og
- útreikninga til ákvörðunar á orkunýtni.

3. Sannprófandi skal aðeins taka losunarskýrslur til athugunar ef þær hafa verið lagðar fram í samræmi við 12. gr. og áreiðanleg og trúverðug gögn og upplýsingar gera kleift að ákvarða losun koltvísýrings með nokkurri vissu og að því tilskildu að eftirfarandi atriði séu tryggð:

- að uppgæfin gögn samræmist áætlunargögnum, sem byggja á fjarvöktunargögnum skips og eiginleikum þess, s.s. vélarafli skipsins,
- að ekkert ósamræmi sé í uppgæfnum gögnum, einkum hvað varðar samanburð á heildarmagni eldsneytis, sem hvert skip kaupir árlega, og samanlagðri eldsneytisnotkun meðan á sjóferð stendur,
- að gagna hafi verið aflað í samræmi við viðeigandi reglur og
- að viðeigandi skrár um skipið séu tilbúnar og ekkert vanti í þær.

15. gr.

Sannprófunaraðferðir

1. Sannprófandi skal auðkenna hugsanlega áhættu í tengslum við vöktunar- og skýrslugjafarferlið með því að bera uppgæfna losun koltvísýrings saman við áætlunargögn, sem byggja á fjarvöktunargögnum skips og eiginleikum þess, s.s. vélarafli skipsins. Ef veruleg frávik koma í ljós skal sannprófandi framkvæma frekari greiningar.

2. Sannprófandi skal auðkenna hugsanlega áhættu í tengslum við mismunandi reikniþrep með því að endurskoða allar gagnalindir og aðferðafræði sem notuð er.
3. Sannprófandi skal taka tillit til hvers kyns skilvirkra áhættustjórnunaraðferða sem félagið hefur beitt til að draga úr óvissunni sem tengist þeirri nákvæmni sem á við um þá vöktunaraðferð sem notuð er.
4. Félagið skal láta sannprófanda í té hvers kyns viðbótarupplýsingar sem gerir honum kleift að beita sannprófunaraðferðunum. Sannprófundinn má framkvæma skyndikannanir meðan á sannprófunarferlinu stendur til að ákvarða áreiðanleika uppgefina gagna og upplýsinga.
5. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 23. gr. til að tilgreina enn frekar reglurnar um sannprófunarstörfín sem um getur í þessari reglugerð. Þegar framkvæmdastjórnin samþykkir þessar gerðir skal hún taka tillit til þeirra þátta sem settir eru fram í A-hluta III. viðauka. Reglurnar sem tilgreindar eru í framseldu gerðunum skulu byggja á meginreglunum fyrir sannprófun, sem settar eru fram í 14. gr., og á viðeigandi alþjóðlega viðurkenndum stöðlum.

16. gr.

Faggilding sannprófenda

1. Sannprófundur, sem meta vöktunaráætlanir og losunarskýrslur og gefa út sannprófunarskýrslur og samræmingarskjöl, sem um getur í þessari reglugerð, skulu hafa faggildingu frá faggildingarstofu í aðildarríki samkvæmt reglugerð (EB) nr. 765/2008 fyrir starfsemi sem fellur undir þessa reglugerð.
2. Ef ekki er í þessari reglugerð mælt fyrir um sértæk ákvæði um faggildingu sannprófenda, skulu viðeigandi ákvæði í reglugerð (EB) nr. 765/2008 gilda.
3. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 23. gr. í því skyni að tilgreina enn frekar aðferðirnar við faggildingu sannprófenda. Þegar framkvæmdastjórnin samþykkir þessar gerðir skal hún taka tillit til þeirra þátta sem settir eru fram í A-hluta III. viðauka. Reglurnar sem tilgreindar eru í framseldu gerðunum skulu byggja á meginreglunum fyrir sannprófun, sem settar eru fram í 14. gr., og á viðeigandi alþjóðlega viðurkenndum stöðlum.

IV. KAFLI

SAMRÆMI VIÐ KRÖFUR OG BIRTING UPPLÝSINGA

17. gr.

Samræmingarskjal

1. Að því gefnu að losunarskýrslan uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í 11.–15. gr. og kröfur I. og II. viðauka skal sannprófandi, á grundvelli sannprófunarskýrslunnar, gefa út samræmingarskjal fyrir hlutaðeigandi skip.
2. Samræmingarskjalið skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:
 - a) auðkenni skipsins (heiti, IMO-auðkennisnúmer og skráningarhöfn eða heimahöfn),
 - b) nafn, heimilisfang og höfuðstöðvar skipseiganda,
 - c) auðkenni sannprófanda,
 - d) útgáfudag samræmingarskjalsins, gildistíma þess og viðeigandi skýrslutímabil.
3. Samræmingarskjöl skulu gilda í 18 mánuði eftir að skýrslutímabilinu lýkur.
4. Sannprófandi skal án tafar upplýsa framkvæmdastjórnina og yfirvöld fánaríkisins um útgáfu samræmingarskjals. Sannprófandi skal senda upplýsingarnar, sem um getur í 2. mgr., með notkun sjálfvirkra kerfa og sniða fyrir gagnaskipti, þ.m.t. rafræn sniðmát.
5. Framkvæmdastjórnin skal, á grundvelli framkvæmdargerða, ákveða tæknireglur fyrir snið fyrir gagnaskipti, þ.m.t. rafrænu sniðmátin. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 24. gr.

18. gr.

Skylda að hafa gilt samræmingarskjal um borð

Eigi síðar en 30. júní árið eftir lok skýrslutímabils skal gilt samræmingarskjal vera um borð í skipum sem koma í höfn, eru í höfn eða láta úr höfn, sem fellur undir lögsögu aðildarríkis, og sem hafa farið í sjóferðir á umræddu skýrslutímabili.

*19. gr.***Samræmi við vöktunar- og skýrslugjafarkröfur og skoðanir**

1. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem birtar eru í samræmi við 1. mgr. 21. gr. skal hvert aðildarríki gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að skip, sem sigla undir fána þeirra, uppfylli vöktunar- og skýrslugjafarkröfurnar sem settar eru fram í 8.–12. gr. Aðildarríki skulu líta á þá staðreynd að samræmingarskjal hafi verið gefið út til handa hlutaðeigandi skipi, í samræmi við 4. mgr. 17. gr., sem sönnun þess að skipið uppfylli þessar kröfur.
2. Sérhvert aðildarríki skal sjá til þess að skoðun á skipi, sem er í höfn undir lögsögu þess, sem framkvæmd er í samræmi við tilskipun 2009/16/EB, feli í sér athugun á því hvort um borð sé gilt samræmingarskjal.
3. Hvað varðar þau skip sem upplýsingarnar, sem um getur í i- og j-lið 2. mgr. 21. gr., liggja ekki fyrir um á þeim tíma sem skipið kemur í höfn, sem fellur undir lögsögu aðildarríkis, er hlutaðeigandi aðildarríki heimilt að athuga hvort gilt samræmingarskjal sé um borð.

*20. gr.***Refsiákvæði, upplýsingaskipti og skipun um brottvísun**

1. Aðildarríki skulu koma á kerfi um viðurlög við vanefndum á skyldum um vöktun og skýrslugjöf, sem tilgreindar eru í 8.–12. gr., og skulu gera allar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja að þessum viðurlögum sé beitt. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði eigi síðar en 1. júlí 2017 og skulu tilkynna henni án tafar um síðari breytingar.
2. Aðilar skulu koma á skilvirkum skiptum á upplýsingum og skilvirkri samvinnu milli þeirra landsyfirvalda sem bera ábyrgð á því að tryggja að skyldur um vöktun og skýrslugjöf séu uppfylltar eða, þar sem við á, milli yfirvalda þeirra sem er falið að annast refsiaðgerðir. Landsbundnar refsiaðgerðir aðildarríkis gegn tilteknu skipi skulu tilkynntar framkvæmdastjórninni, Siglingaöryggisstofnun Evrópu, öðrum aðildarríkjum og hlutaðeigandi fánaríki.
3. Ef um er að ræða skip sem hafa ekki uppfyllt kröfur um vöktun og skýrslugjöf í tvö eða fleiri skýrslutímabil samfelld og ef aðrar ráðstafanir til framfylgdar hafa ekki tryggt að farið sé að þeim þá getur lögbært yfirvald í aðildarríki komuhafnar gefið út skipun um brottvísun, sem skal tilkynnt framkvæmdastjórninni, Siglingaöryggisstofnun Evrópu, öðrum aðildarríkjum og hlutaðeigandi fánaríki. Þegar skipun um brottvísun er gefin út skulu öll aðildarríkin meina hlutaðeigandi skipi aðgang að höfnum sínum þar til félagið uppfyllir skyldur sínar um vöktun og skýrslugjöf í samræmi við 11. og 18. gr. Staðfesta skal efnir á skyldum með því að leggja gilt samræmingarskjal fyrir lögbæra landsyfirvaldið sem gaf út skipunina um brottvísun. Þessi málsgrein hefur ekki áhrif á alþjóðleg siglingalög sem gilda ef skip er nauðstatt.
4. Skipseigandi eða útgerð skips, eða fulltrúi þess í aðildarríkjunum, skal hafa rétt til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns fyrir dómstólum í tengslum við skipun um brottvísun og skal lögbært yfirvald í aðildarríki komuhafnar upplýsa aðilana um það á tilhlýðilegan hátt. Aðildarríkin skulu koma á og viðhafa viðeigandi málsmeðferð í þessu skyni.
5. Aðildarríki, sem hefur engar hafnir við sjó á yfirráðasvæði sínu og hefur lokað landsbundinni skipaskrá sinni eða er ekki fánaríki skipa, sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar, getur vikið frá ákvæðum þessarar greinar svo framarlega sem það er ekki fánaríki slíkra skipa. Aðildarríki sem ætla ekki að nýta sér þessa undanþágu skal upplýsa framkvæmdastjórnina þar um eigi síðar en 1. júlí 2015. Allar síðari breytingar skulu einnig tilkynntar framkvæmdastjórninni.

*21. gr.***Birting upplýsinga og skýrsla framkvæmdastjórnarinnar**

1. Eigi síðar en 30. júní ár hvert skal framkvæmdastjórnin gera aðgengilegar öllum upplýsingar, sem tilkynntar eru í samræmi við 11. gr., um losun koltvísyrings, sem og upplýsingar, sem settar eru fram í 2. mgr. þessarar greinar.
2. Framkvæmdastjórnin skal gera eftirfarandi upplýsingar aðgengilegar öllum:
 - a) auðkenni skipsins (heiti, IMO-auðkennisnúmer og skráningarhöfn eða heimahöfn),
 - b) tæknigeta skipsins (EEDI eða EIV, eftir atvikum),
 - c) árleg losun koltvísyrings,
 - d) árleg heildareldsneytisnotkun fyrir sjóferðir,
 - e) ársmeðaltal eldsneytisnotkunar og losunar koltvísyrings miðað við vegalengd sem farin er í sjóferðum,
 - f) ársmeðaltal eldsneytisnotkunar og losunar koltvísyrings miðað við vegalengd sem farin er og farm sem er um borð í sjóferðum,
 - g) árlegur heildarúthaldstími á sjó í sjóferðum,
 - h) aðferð sem notuð er við vöktun,
 - i) útgáfudagur og lokadagsetning samræmingarskjalsins,

- j) auðkenni sannprófandans, sem mat losunarskýrsluna,
- k) allar aðrar upplýsingar, sem valfrjálst er að vakta og tilkynna í samræmi við 10. gr.

3. Ef sérstakar aðstæður gera það að verkum að birting, skv. 2. mgr., á flokki samantekinna gagna sem tengjast ekki losun koltvísýrings, myndi grafa verulega undan vernd viðskiptahagsmuna, sem verðskulda vernd sem lögmætir efnahagslegir hagsmunir, og veða þyngra en almannahagsmunirnir af birtingu upplýsinganna samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1367/2006 ⁽¹³⁾, skal nota annars konar flokkunarþrep fyrir þessi tilteknu gögn, að beiðni félagsins, í því skyni að vernda slíka hagsmuni. Ef ekki er hægt að nota annars konar flokkunarþrep skal framkvæmdastjórnin ekki gera þessi gögn aðgengileg öllum.

4. Framkvæmdastjórnin skal birta ársskýrslu um losun koltvísýrings og aðrar viðeigandi upplýsingar úr sjóflutningum, þ.m.t. samanteknar og útlistaðar niðurstöður með það að markmiði að upplýsa almenning og gera kleift að meta losun koltvísýrings og orkunýtni í sjóflutningum miðað við stærð, tegund skips, starfsemi, eða hvaða annan flokk sem talinn er skipta máli.

5. Á tveggja ára fresti á framkvæmdastjórnin að meta heildaráhrif sjóflutningageirans á loftslagið í heiminum, þ.m.t. af annarri losun eða áhrifum en frá koltvísýringi.

6. Innan ramma umboðs síns skal Siglingaöryggisstofnun Evrópu aðstoða framkvæmdastjórnina við það að uppfylla ákvæði þessarar greinar sem og 12. og 17. gr. þessarar reglugerðar í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1406/2002 ⁽¹⁴⁾.

V. KAFLI

ALÞJÓÐLEG SAMVINNA

22. gr.

Alþjóðleg samvinna

1. Framkvæmdastjórnin skal gefa Alþjóðasiglingamálastofnuninni og öðrum viðeigandi alþjóðastofnunum reglubundið upplýsingar um framkvæmd þessarar reglugerðar með fyrirvara um skiptingu valdheimilda eða tilhögun ákvarðanatöku, eins og kveðið er á um í samningunum.
2. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin, ef við á, skulu viðhalda skiptum á tæknilegum upplýsingum við þriðju lönd, einkum í tengslum við frekari þróun á vöktunaraðferðum, skipulag skýrslugjafar og sannpröfun á losunarskýrslum.
3. Ef alþjóðasamningur næst um hnattrænt kerfi fyrir vöktun, skýrslugjöf og sannpröfun í tengslum við losun gróðurhúsalofttegunda eða um hnattrænar ráðstafanir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá sjóflutningum þá skal framkvæmdastjórnin endurskoða þessa reglugerð og, ef við á, leggja til breytingar á þessari reglugerð til að tryggja að hún samræmist þessum alþjóðasamningi.

VI. KAFLI

FRAMSELT VALD, FRAMKVÆMDARVALD OG LOKAÁKVÆÐI

23. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sbr. þó skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein. Það er sérstaklega mikilvægt að framkvæmdastjórnin fylgi sínum hefðbundnu venjum og hafi samráð við sérfræðinga, þ.m.t. sérfræðinga í aðildarríkjunum, áður en hún samþykkir þessar framseldu gerðir.
2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 5. gr. (2. mgr.), 15. gr. (5. mgr.) og 16. gr. (3. mgr.) í fimm ár frá 1. júlí 2015. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um framsal valds eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.
3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal þess valds sem um getur í 5. gr. (2. mgr.), 15. gr. (5. mgr.) og 16. gr. (3. mgr.). Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal þess valds sem tilgreint er í ákvörðuninni. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópu-*

⁽¹³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1367/2006 frá 6. september 2006 um beitingu ákvæða Árósasamningsins um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum hjá stofnunum og aðilum Bandalagsins (Stjtið. ESB L 264, 25.9.2006, bls. 13).

⁽¹⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1406/2002 frá 27. júní 2002 um stofnun Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (Stjtið EB L 208, 5.8.2002, bls. 1).

sambandsins eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 5. gr. (2. mgr.), 15. gr. (5. mgr.) og 16. gr. (3. mgr.) skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins, eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

24. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um loftslagsbreytingar sem komið var á fót skv. 26. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 ⁽¹⁵⁾. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011. Skili nefndin ekki álitum skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 skal gilda.

25. gr.

Breytingar á tilskipun 2009/16/EB

Eftirtöldum færslum er bætt við skrána sem er sett fram í IV. viðauka við ákvörðun 2009/16/EB:

„50. Samræmingarskjal sem gefið er út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/757 frá 29. apríl 2015 um vöktun, skýrslugjöf og sannpröfun á losun koltvísýrings frá sjóflutningum og um breytingu á tilskipun 2009/16/EB (*).“

(*) Stjtið. ESB L 123, 19.5.2015, bls. 55.

26. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júlí 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 29. apríl 2015.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

M. SCHULZZ.

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

KALNIŇA-LUKAŠEVICA

forseti.

⁽¹⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 frá 21. maí 2013 um fyrirkomulag við vöktun og skýrslugjöf að því er varðar losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf að því er varðar aðrar upplýsingar á landsvísu og á vettvangi Sambandsins sem varða loftslagsbreytingar og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 280/2004/EB (Stjtið. ESB L 165, 18.6.2013, bls. 13).

I. VIÐAUKI

Aðferðir við vöktun á losun koltvísýrings

A. ÚTREIKNINGUR Á LOSUN KOLTVÍSÝRINGS (9. GR.)

Til að reikna út losun koltvísýrings skulu félög nota eftirfarandi reiknireglu:

Eldsneytisnotkun × losunarstuðull

Eldsneyti sem aðalvélar, hjálparvélar, gashverflar, katlar og búnaður, sem framleiðir óhvarfgjarnar lofttegundir, nota fellur undir eldsneytisnotkun.

Eldsneytisnotkun meðan skipið liggur við höfn skal reiknuð út sérstaklega.

Að meginreglu til skal nota sjálfgildi fyrir losunarstuðul eldsneytis nema félagið ákveði að nota þau gögn um eldsneytisgæði sem sett eru fram í afhendingarseðlum fyrir skipaeldsneyti (BDN) og eru notuð til að sýna fram á að viðeigandi reglur um losun brennisteins séu uppfylltar.

Þessi sjálfgildi fyrir losunarstuðul eldsneytis skulu byggja á nýjustu tiltæku gildunum frá milliríkjanefndinni um loftslagsbreytingar (IPCC). Þessi gildi má finna í VI. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012⁽¹⁶⁾.

Nota skal viðeigandi losunarstuðla að því er varðar lífoldsneyti og óhefðbundið eldsneyti sem byggir ekki á jarðefnum.

B. AÐFERÐIR VIÐ ÁKVÖRÐUN Á LOSUN KOLTVÍSÝRINGS

Félagið skal skilgreina í vöktunaráætluninni hvaða vöktunaraðferð eigi að nota til að reikna út eldsneytisnotkun fyrir hvert skip, sem það ber ábyrgð á, og tryggja að þegar aðferðin hefur verið valin sé henni beitt með samræmdum hætti.

Nota skal raunverulega eldsneytisnotkun fyrir hverja sjóferð og er hún reiknuð út með því að nota eina af eftirfarandi aðferðum:

- afhendingarseðil fyrir skipaeldsneyti (BDN) og reglubundna athugun á birgðum eldsneytisgeyma,
- vöktun eldsneytisgeyma um borð,
- streymismæla fyrir viðeigandi brunaferli,
- beina mælingu á losun koltvísýrings.

Nota má samsetningu þessara aðferða, þegar sannprófandi hefur metið þær, ef það eykur heildarnákvæmni mælinganna.

1. Aðferð A: Afhendingarseðill fyrir skipaeldsneyti og reglubundin athugun á birgðum eldsneytisgeyma

Þessi aðferð byggir á magni og tegund eldsneytis, eins og skilgreint er á afhendingarseðlinum fyrir skipaeldsneyti, ásamt reglubundinni athugun á birgðum eldsneytisgeyma á grundvelli álesturs tanka. Eldsneytið við upphaf tímabilsins, ásamt afhendingum, að frádregnu eldsneyti sem eftir er við lok tímabilsins og eldsneytið sem tæmt er úr geyminum (e. *de-bunkered*) milli upphafs tímabilsins og lok tímabilsins, er eldsneytisnotkunin á tímabilinu.

Með hugtakinu *tímabil* er átt við tímann milli tveggja viðkomuhafna eða tíma í höfn. Tilgreina þarf eldsneytis-tegund og brennisteinsinnihald eldsneytis sem notað er innan tímabils.

Þessi aðferð skal ekki notuð ef afhendingarseðlar fyrir skipaeldsneyti eru ekki um borð í skipinu, einkum þegar farmur er notaður sem eldsneyti, t.d. uppgufað fljótandi jarðgas.

Samkvæmt gildandi reglum VI. viðauka MARPOL-samningsins eru afhendingarseðlar fyrir skipaeldsneyti skyldubundnir, þeir eiga að vera um borð í skipinu í þrjú ár eftir afhendingu skipaeldsneytisins og skal vera greiður aðgangur að þeim. Reglubundin athugun á birgðum eldsneytisgeyma um borð byggir á álestri eldsneytisgeymis. Notaðar eru töflur, sem samsvara hverjum eldsneytisgeymi, til að ákvarða magnið á þeim tíma sem álestur eldsneytisgeymis fer fram. Óvissan sem fylgir afhendingarseðli skipaeldsneytis skal tilgreind í vöktunaráætluninni. Álestur eldsneytisgeymis skal framkvæmdur með viðeigandi aðferðum, t.d. sjálfvirkum kerfum, dýptarmælingum og dýptarmálböndum. Í vöktunaráætluninni skal tilgreina aðferðina við dýptarmælingu geymis og tilheyrandi óvissu.

Þegar áfyllt eldsneytismagn eða magn eldsneytisins, sem eftir er í geymunum, er ákvarðað í rúmmálseiningum, gefið upp í lítrum, skal félagið umreikna magnið úr rúmmáli í massa með því að nota gildi raunverulegs eðlis-massa. Félagið skal ákvarða raunverulegan eðlismassa með því að nota annaðhvort:

- innbyggð mælikerfi eða

⁽¹⁶⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012 frá 21. júní 2012 um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtið. ESB L 181, 12.7.2012, bls. 30).

- b) eðlismassa sem eldsneytisbirgirinn mælir við áfyllingu eldsneytis og skráður er á reikningnum fyrir eldsneytinu eða afhendingarseðlinum fyrir skipaeldsneyti.

Gefa skal upp raunverulegan eðlismassa í kg/lítra og skal ákvarðaður við raunverulega hitastigið við tiltekna mælingu. Í tilvikum þar sem gildi fyrir raunverulegan eðlismassa eru ekki tiltæk skal nota staðlaðan eðlismassa-stuðul fyrir viðeigandi eldsneytistegund, að loknu mati sannprófanda.

2. Aðferð B: Vöktun eldsneytisgeyma um borð

Þessi aðferð byggir á álestri eldsneytisgeyma fyrir alla eldsneytisgeyma um borð. Álesturinn skal fara fram daglega meðan á siglingu stendur og í hvert skipti sem fyllt er á geyminn eða tæmt úr honum.

Samanlagðar breytingar á eldsneytismagni geymis milli tveggja álestra sýna eldsneytisnotkunina á tímabilinu.

Með hugtakinu *tímabil* er átt við tímamann milli tveggja viðkomuhafna eða tíma í höfn. Tilgreina þarf eldsneytis-tegund og brennisteinsinnihald eldsneytis sem notað er innan tímabils.

Álestur eldsneytisgeymis skal framkvæmdur með viðeigandi aðferðum, t.d. sjálfvirkum kerfum, dýptarmælingum og dýptarmálböndum. Í vöktunaráætluninni skal tilgreina aðferðina við dýptarmælingu geymis og tilheyrandi óvissu.

Þegar áfyllt eldsneytismagn eða magn eldsneytisins, sem eftir er í geymunum, er ákvarðað í rúmmálseiningum, gefið upp í lítrum, skal félagið umreikna magnið úr rúmmáli í massa með því að nota gildi raunverulegs eðlismassa. Félagið skal ákvarða raunverulegan eðlismassa með því að nota annaðhvort:

- innbyggð mælikerfi eða
- eðlismassa sem eldsneytisbirgirinn mælir við áfyllingu eldsneytis og skráður er á reikningnum fyrir eldsneytinu eða afhendingarseðlinum fyrir skipaeldsneyti eða
- eðlismassa sem mælist við greiningu sem framkvæmd er á faggiltri prófunarstofu fyrir eldsneyti, ef hægt er.

Raunverulegur eðlismassi skal gefinn upp sem kg/lítra og skal ákvarðaður við raunverulega hitastigið við tiltekna mælingu. Í tilvikum þar sem gildi fyrir raunverulegan eðlismassa eru ekki tiltæk skal nota staðlaðan eðlismassastuðul fyrir viðeigandi eldsneytistegund, að loknu mati sannprófanda.

3. Aðferð C: Streymismælar fyrir viðeigandi brunuferli

Þessi aðferð byggir á mældu eldsneytisstreymi um borð. Gögnin úr öllum streymismælum, sem tengdir eru við viðeigandi upptök koltvísýringslosunar, skulu tekin saman til að ákvarða heildareldsneytisnotkun fyrir tiltekið tímabil.

Með hugtakinu *tímabil* er átt við tímamann milli tveggja viðkomuhafna eða tíma í höfn. Hvað varðar eldsneytið sem notað er innan tímabils er nauðsynlegt að vakta eldsneytistegund og brennisteinsinnihald eldsneytisins.

Í vöktunaráætluninni skal tilgreina hvaða kvörðunaraðferðir eru notaðar og óvissuna sem tengist þeim streymismælum sem notaðir eru.

Þegar magn eldsneytis er ákvarðað í rúmmálseiningum, gefið upp í lítrum, skal félagið umreikna magnið úr rúmmáli í massa með því að nota gildi raunverulegs eðlismassa. Félagið skal ákvarða raunverulegan eðlismassa með því að nota annaðhvort:

- innbyggð mælikerfi eða
- eðlismassa sem eldsneytisbirgirinn mælir við áfyllingu eldsneytis og skráður er á reikningnum fyrir eldsneytinu eða afhendingarseðlinum fyrir skipaeldsneyti.

Raunverulegur eðlismassi skal gefinn upp sem kg/lítra og skal ákvarðaður við raunverulega hitastigið við tiltekna mælingu. Í tilvikum þar sem gildi fyrir raunverulegan eðlismassa eru ekki tiltæk skal nota staðlaðan eðlismassastuðul fyrir viðeigandi eldsneytistegund, að loknu mati sannprófanda.

4. Aðferð D: Bein mæling á losun koltvísýrings

Nota má beina mælingu á losun koltvísýrings í tengslum við sjóferðir og í tengslum við losun koltvísýrings sem á sér stað í höfnum sem eru staðsettar í lögsögu aðildarríkis. Losaður koltvísýringur telst m.a. vera koltvísýringur frá aðalvélum, hjálparvélum, gashverflum, kötlum og búnaði, sem framleiðir óhvarfgjarnar lofttegundir. Eldsneytisnotkun skipa, sem byggja skýrslugjöf sína á þessari meðferð, skal reiknuð út með því að nota mældu losun koltvísýrings og gildandi losunarstuðul viðeigandi eldsneyta.

Þessi aðferð byggir á ákvörðun losunarstreymis koltvísýrings í reyksháfum fyrir útblástur með því að margfalda styrk koltvísýrings í útblástursloftinu við streymi útblástursloftsins.

Í vöktunaráætluninni skal tilgreina hvaða kvörðunaraðferðir eru notaðar og óvissuna sem tengist búnaðinum sem notaður er.

II. VIÐAUKI

Vöktun annarra upplýsinga sem skipta máli

A. VÖKTUN Á GRUNDEVILLI EINSTAKRA SJÓFERÐA (9. GR.)

1. Í þeim tilgangi að vakta aðrar viðeigandi upplýsingar á grundvelli einstakra sjóferða (1. mgr. 9. gr.) skulu félög virða eftirfarandi reglur:

- a) dagsetning og brottfarar- og komutími skulu gefin upp samkvæmt heimstíma (GMT). Úthaldstími á sjó skal reiknaður á grundvelli upplýsinga um brottför og komu í höfn og felur ekki í sér legu við akkeri,
- b) sú vegalengd sem farin er getur verið annaðhvort vegalengd beinustu leiðarinnar milli brottfararhafnar og komuhafnar eða sú vegalengd sem raunverulega er farin. Ef notuð er vegalengd beinustu leiðarinnar milli brottfararhafnar og komuhafnar ætti að taka mið af varfærnislegum leiðréttingarstuðli til að tryggja að sú vegalengd sem farin er sé ekki verulega vanmetin. Í vöktunaráætluninni skal tilgreina hvaða aðferð er notuð til að reikna út vegalengdina og, ef þörf er á, hvaða leiðréttingarstuðull er notaður; vegalengdin skal gefin upp í sjómílum,
- c) starfsemi á sviði samgangna skal ákvörðuð með því að margfalda farna vegalengd með magni farms sem fluttur er,
- d) að því er varðar farþegaskip skal fjöldi farþega gefinn upp sem farmur. Að því er varðar alla aðra flokka skipa skal magn farms um borð gefið upp annaðhvort í tonnum eða staðalrúmmetrum, eftir því sem við á,
- e) að því er ekjuskip varðar skal farmur um borð skilgreindur sem fjöldi farmeininga (vörubifreiðar, ökutæki, o.s.frv.) eða reinarmetrar margfaldaðir með sjálfgildum fyrir þyngd þeirra. Ef farmur um borð í ekjuskipi hefur verið skilgreindur á grundvelli viðauka B við CEN-staðal EN 16258 (2012) sem kallast „Methodology for calculation and declaration of energy consumption and GHG emissions of transport services (freight and passengers)“ telst sú skilgreining uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar.

Að því er þessa reglugerð varðar merkir hugtakið „ekjuskip“ skip sem er hannað til að flytja ekjufarmflutnings-einingar eða skip með ekjufarmrými,

- f) að því er gámaskip varðar skal farmur um borð skilgreindur sem heildarþyngd farms í tonnum eða, ef það er ekki hægt, fjöldi tuttugu feta gámaeininga (TEU) margfaldaður með sjálfgildum fyrir þyngd þeirra. Ef farmur um borð í gámaskipi er skilgreindur í samræmi við gildandi leiðbeiningar eða gerninga Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar í samræmi við samninginn um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS-samþykktina) telst sú skilgreining uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar,

að því er þessa reglugerð varðar merkir hugtakið „gámaskip“ skip sem hannað er einvörðungu til þess að flytja gáma í lestarýmum og þilförum,

- g) við ákvörðun á farmi um borð í skipum, öðrum en farþegaskipum, ekjuskipum og gámaskipum, skal vera hægt að taka mið, eftir atvikum, af þyngd og rúmmáli farmsins um borð og fjölda farþega um borð. Til þessara skipa teljast, m.a., olíuskip, búlkaskip, almenn vöruflytningaskip, kæld flutningaskip, skip til flutninga á ökutækjum og fjölnota skip.

2. Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir beitingu g-liðar 1. mgr. skal framkvæmdastjórnin, með framkvæmdargerðum, samþykkja tæknireglur um þær breytur sem gilda um alla aðra flokka skipa sem um getur í þeim lið.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar eigi síðar en 31. desember 2016 í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 24. gr.

Framkvæmdastjórnin getur, með framkvæmdargerðum, endurskoðað viðeigandi breytur, sem um getur í g-lið 1. mgr. Þar sem við á skal framkvæmdastjórnin endurskoða þessar breytur til að taka tillit til breytinganna á þessum viðauka skv. 2. mgr. 5. gr. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 24. gr.

3. Í því skyni að uppfylla reglurnar í 1. og 2. mgr. geta félög einnig valið að taka með sérstakar upplýsingar um ísflokk skipsins og siglingar í hafis.

B. VÖKTUN Á ÁRSGRUNDEVILLI (10. GR.)

Í þeim tilgangi að vakta aðrar viðeigandi upplýsingar á ársgrundvelli skulu félög virða eftirfarandi reglur:

Gildin, sem á að vakta skv. 10. gr., skulu ákvörðuð með því að safna saman viðeigandi gögnum á grundvelli einstakra sjóferða.

Vakta skal meðalorkunýtni með því að nota a.m.k. fjóra mælikvarða: eldsneytisnotkun miðað við vegalengd, eldsneytisnotkun fyrir starfsemi á sviði samgangna, losun koltvísýrings miðað við vegalengd og losun koltvísýrings fyrir starfsemi á sviði samgangna, sem skal reikna út sem hér segir:

Eldsneytisnotkun miðað við vegalengd = heildareldsneytisnotkun á ári/heildarvegalengd

Eldsneytisnotkun fyrir starfsemi á sviði samgangna = heildareldsneytisnotkun á ári/heildarstarfsemi á sviði samgangna

Losun koltvísýrings miðað við vegalengd = heildarlosun koltvísýrings á ári/heildarvegalengd

Losun koltvísýrings fyrir starfsemi á sviði samgangna = heildarlosun koltvísýrings á ári/heildarstarfsemi á sviði samgangna.

Í því skyni að uppfylla þessar reglur geta félög einnig valið að taka með tiltekna upplýsingar sem varða ísflokk skipsins og siglingu í hafis sem og aðrar upplýsingar um eldsneytisnotkun og losun koltvísýrings, sundurgreint á grundvelli annarra viðmiðana sem skilgreindar eru í vöktunaráætluninni.

III. VIÐAUKI

Þættir sem taka skal tillit til í tengslum við framseldu gerðirnar sem kveðið er á um í 15. og 16. gr.

A. SANNPRÓFUNARAÐFERÐIR

- hæfi sannprófenda,
- gögn sem félög eiga að láta sannprófundum í té,
- áhættumat sem sannprófundur skulu framkvæma,
- mat á því hvort vöktunaráætlunin standist kröfur,
- sannprófun losunarskýrsla,
- mikilvægisstig,
- fullnægjandi trygging sannprófenda,
- rangfærslur og ósamræmi,
- innihald sannprófunarskýrslunnar,
- tilmæli um úrbætur,
- samskipti milli félaga, sannprófenda og framkvæmdastjórnarinnar.

B. FAGGILDING SANNPRÓFENDA

- hvernig hægt er að krefjast faggildingar fyrir sjóflutninga,
- hvernig faggildingarstofnun í aðildarríki metur sannprófundur í því skyni að gefa út faggildingarvottorð,
- hvernig faggildingarstofnanir í aðildarríkjum munu framkvæma það eftirlit sem nauðsynlegt er til að staðfesta áframhaldandi faggildinguna,
- kröfur til faggildingarstofnana í aðildarríkjum þannig að þær verði hæfar til þess að veita sannprófundum faggildinguna fyrir sjóflutninga, þ.m.t. tilvísun í samræmda staðla.